



364. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 1. desember 2009 kl. 14.00. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Atli Gíslason, Oddný Harðardóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umsóknir og vinnuferli við ráðningu framkvæmdastjóra Þingvallanefndar og þjóðgarðsvarðar.

Samþykkt að leita tilboða frá ráðningarstofum til að vinna að ráðningu framkvæmdastjóra. Formanni falið að hafa umsjón með því ásamt því að semja við viðkomandi ráðningarstofu fyrir hönd nefndarinnar.

Formaður lagði fram blað þar sem stiklað er á hæfniskröfum er fram komu í starfsauglýsingunni.

Ákveðið var að nefndin muni taka þátt í starfsviðtölum við umsækjendur.

Nefndarmenn ítrekuðu að ásamt menntunarkröfum umsækjenda, þyrfti að taka tillit til mannlegra eiginleika, stjórnunarhæfileika og þekkingu á stjórnsýslu.

Bókað er að Þorgerður Katrín tekur ekki afstöðu til þess hvaða ráðningarstofa verður fyrir valinu.

2. Önnur mál:

a. Neðristígur nr. 12. Lagt fram erindi Bláskógabyggðar sem óskar eftir umsögn varðandi umsókn um stækkun á sumarhúsi við Neðristíg 12. Sótt er um að byggja við sumarhúsið svefnherbergisálmú og salerni alls að stærð 45,1 fm en fyrir er sumarhúsið 40,2 fm. Bláskógabyggð mun annast grenndarkynningu skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Þingvallanefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða viðbyggingu, en stækkunin fellur innan byggingarskilmála þjóðgarðsins.

Álfheiður Ingadóttir og Atli Gíslason sátu hjá við atkvæðagreiðslu.

b. Lóðarleigusamningar. Rætt um mögulega nauðsyn þess að framlengja lóðarleigusamningu í þjóðgarðinum um ½ ár, eða til 1. janúar 2011, til að unnt verði að ljúka vinnu við gerð byggingarskilmála, lóðarleigusamninga og deiliskipulag innan þjóðgarðsins.

Formanni falið að skoða hvernig síðustu frestun var háttað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:05.